

Inntökufundur þriðjudaginn 3. okt. Kl. 17 í Tryggvaskála Selfossi.

Formaður setti fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Inntökunefnd skipuðu þær Árný Elíasdóttir, Guðríður formaður, Margrét varaformaður og Eydís gjaldkeri. Ester skrifaði fundargerð.

Guðríður kynnti þær konur sm gengu í félagið:

Aneta Figlarska kennsluráðgjafi, Berglind Friðriksdóttir sálfræðingur, Harpa Björnsdóttir leikskólakennari, Jóhanna Einarsdóttir náms og starfsráðgjafi, Margrét Steinunn Guðjónsdóttir kennari og djákni og Sigríður Munda Jónsdóttir prestur.

Árný, forseti landssambandsins sagði að það væri ánægja að fá þessar konur sem féлага í Epsilondeild.

Guðríður sagði frá meginmarkmiðum samtakanna og Eydís talaði um hvers væri vænst af öllum félögum og sagði að allir taki þátt í að móta og framfylgja þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur til að ná markmiðunum.

Guðríður sagði að haldin væru í heiðri ýmis tákn sem birtast í þeim veraldlegu munum sem fylgja samtökunum og Árný kynnti síðan táknin.

Margrét sagði að nafn samtakanna, Delta, Kappa, Gamma myndi undirstrika hlutverk okkar sesm konur í lykilstöðum í fræðslumálum og las síðan upp nöfn þeirra sem voru að ganga í samtökin. Hver og ein kveikti á litlu kerri af einu af þeim stóru og setti inn í þríhyrninginn. Nöfn nýrra félaga voru lesin upp um leið og þær settu kertin inn.

Eydís fór yfir tilgang ljósanna og kynnti nýjum féögum hinn gullna lykil Samtakanna sem er barmnæla sem er borin á áberandi stað vinstra megin eða þar sem hjartað slær.

Guðríður formaður talaði til nýliðanna og minnti þær á táknin sem nýliðarnir voru tilbúnir að framfylgja síðan festi inntökunefndin nælur í barm þeirra og fengu þær síðan skírteini og rósir.

Guðríður þakkaði Árnýju hennar störf og Sigga tók síðan mynd af hópnum og hverri og einni.

Á fundinn voru mættar: Ásborg, Boletta, Björg, Erna, Ester, Elín, Eydís, Elínborg, Guðríður, Gauja, Ingibjörg I, Ingibjörg Þorl. Margrét, Rósa Marta, Sigga og Vera.